



Reykjavík, 17. nóvember 2025  
PON25110033

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Stafrænt ráð

**Sendandi:** Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

---

***Efni: Tillaga um aukið samstarf Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga á sviði stafrænnar þróunnar***

Lagt er til að stafrænt ráð samþykki þátttöku Reykjavíkurborgar í fyrirhuguðu auknu samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga á sviði stafrænnar þróunar. Jafnframt er lagt til að Reykjavíkurborg leggi verkefninu til 31 m.kr. á árinu 2026, í samræmi við hlutfall íbúafjölda og með fyrirvara um endanlega afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Einnig er lagt til að þjónustu- og nýsköpunarsviði verði falið að fylgja eftir framkvæmd samstarfsins.

***Greinargerð:***

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur frá árinu 2020 verið helsti samvinnuvettvangur sveitarfélaga á sviði stafrænnar þróunar og hefur gegnt mikilvægu hlutverki við að samræma nálgun, miðla þekkingu og styðja við uppbyggingu sameiginlegra lausna. Reykjavíkurborg hefur frá upphafi verið einn af burðarásum samstarfsins og tekið þátt í mótun og framkvæmd verkefna. Borgin hefur lagt til vinnuframlag, sérfræðiþekkingu og hugbúnaðarkóða sem hefur nýst sveitarfélögum víða um land og styrkt grunninn að sameiginlegri stafrænni þróun.

Nú er unnið að því að stíga næstu skref í samstarfinu með því að efla slagkraft og samræmi í stafrænum verkefnum sveitarfélaga og ríkis. Í ljósi þess mikilvæga hlutverks sem Reykjavíkurborg hefur gegnt hingað til er talið eðlilegt og nauðsynlegt að borgin styðji áfram uppbyggingu samstarfsins með sérstöku fjárframlagi, 31 m.kr. á árinu 2026. Upphæðin byggir á íbúahlutfalli og verður endurskoðuð árlega samkvæmt framgangi verkefna.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,  
sviðsstjóri



Reykjavík